

Jarðgerð Íslenska gámafélagsins á Selfossi

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 16. apríl 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Íslenska gámafélaginu um fyrirhugaða jarðgerð í Sveitarfélaginu Árborg skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.15 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Árborgar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Jarðgerð Íslenska gámafélagsins á Selfossi, Sveitarfélaginu Árborg. Fyrirspurn um matsskyldu. Íslenska gámafélagið, apríl 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Árborg með tölvupósti dags. 16. maí 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 10. maí 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. maí 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 27. júní 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð sé söfnun lífræns eldhúsúrgangs frá sveitarfélögum á Suðurlandi. Áætlað magn er 2.000 t á ári frá heimilum og fyrirtækjum á svæðinu sem verður jarðgert á starfssvæði fyrirtækisins við Hrísmýri á Selfossi. Svæðið sem fyrirhugað er undir jarðgerð er malbikað og um 2.500 m² að flatarmáli sem framkvæmdaraðili telur að dugi vel fyrir vinnslu lífræns eldhúsúrgangs fyrir allt Suðurland.

Fram kemur að lífrænum eldhúsúrgangi sem til fellur yfir um mánaðartímabil verði safnað saman í múga. Úrganginum verður dreift ofan á timburkurl sem síðan verður hulinn með hrossaskít og timburkurli. Á fjögurra vikna fresti verður moltunni snúið og timburkurli bætt við ef þurfa þykir. Jarðgerðarferlið tekur um sex mánuði og að því loknu verður sýni tekið úr moltunni. Ef moltan uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til hennar er hún færð af jarðgerðarsvæðinu yfir á geymslusvæði.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að snúa þurfi moltunni u.þ.b. einu sinn í mánuði og tilgreinir framkvæmdaraðili mótvægisáðgerðir í greinargerð til að draga úr ónæði, en lykt getur lagt frá hrámoltnu á meðan á proskunarferli hennar stendur. Líkur á lykt frá vinnslunni er mestar þegar snúa þarf moltunni til að tryggja aðkomu súrefnis.

Fram kemur að örverusýni verði tekin úr moltunni og hún ekki tilbúin til afhendingar fyrr en að því loknu og niðurstöður mælinga innan þeirra marka sem kröfur segja til um. Standist moltan ekki



settar kröfur, er brugðist við því með því að verka moltuna lengur þ.e. halda niðurbrotsferlinu gangandi lengur en gangi það ekki verður moltunni fargað.

4 UMHVERFISÁHRIF

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að þar sem jarðgerðin fari fram með loftháðu ferli sé ekki hætt á miklu lyktarónæði frá vinnslunni. Íslenska gámafélagið hefur reynslu af jarðgerð og verður á öllum stigum vinnslunnar reynt að koma í veg fyrir lyktarónæði. Áhættumat sem gert hefur verið fyrir jarðgerðina sýnir að líkur á lyktarónæði eru ekki miklar. Fram kemur að ekki sé talin hætt á ónæði vegna hávaða. Starfsemin muni fara fram á svæði sem skipulagt er sem iðnaðar- og athafnasvæði. Til að lágmarka mögulegt ónæði vegna hávaða verður vinnslunni hagað á þann hátt að ekki verður unnið snemma á morgnana eða seint á kvöldin.

Fram kemur í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á samfélag og heilsu fólks vegna hávaða og lyktar geti orðið töluvert neikvæð, þrátt fyrir mögulegar mótvægisáðgerðir. Fyrirhuguð uppbygging verslunar- og þjónustu í tengslum við tilfærslu Suðurlandsvegur og aðkoma að þéttbýlinu á Selfossi mun verða í innan við 300 m fjarlægð frá fyrirhuguðu jarðgerðarsvæði skv. skipulagi. Varðandi sambærilega jarðgerð og er hér til umfjöllunar, berast reglulega kvartanir frá íbúum í nágrenni við slíkar jarðgerðarstöðvar. Dæmi séu um að lyktarónæðis hafi gætt í meira en 800 m fjarlægð frá vinnslusvæði.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að Íslenska gámafélagið hafi ekki upplýsingar um hvaða jarðgerð Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vísar til en þó er ljóst að kvartanir berast ekki reglulega vegna lyktarónæðis frá þeirri jarðgerð sem Íslenska gámafélagið rekur. Hins vegar eru allar kvartanir vegna lyktarónæðis teknar mjög alvarlega og í öllu ferlinu sé reynt að koma í veg fyrir lyktarónæði. Fram kemur að í tilkynningunni sé jarðgerðarferlinu lýst sem og fyrirhugaðri vöktun á ágangi meindýra og mótvægisáðgerðum varðandi hugsanlegt lyktarónæði.

Fram kemur að fyrirhugaðri jarðgerð muni ekki fylgja mikill hávaði enda vélar eingöngu notaðar við að snúa múgum og við sigtun moltunnar. Nokkur vélagnýr geti fylgt kurlun timburs en þess ber að geta að timbur er kurlað á svæðinu nú þegar og hafa engar kvartanir borist vegna þess. Kurlun timburs mun ekki aukast við fyrirhugaða jarðgerð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að ljóst sé að ekki sé samræmi á milli umfjöllunar um staðsetningu framkvæmdasvæðisins í tilkynningunni m.t.t. skipulagslegrar stöðu þess.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að Íslenska gámafélagið hafi unnið greinargerð með hliðsjón af gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið. Íslenska gámafélagið hefur ekki fengið athugasemdir varðandi staðsetningu starfseminnar að Hrísmýri 1 frá embættinu eða frá sveitarstjórn Árborgar.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborg 2010-2030 sem tók gildi 25. janúar 2012. Í aðalskipulaginu er greint frá því að fyrir liggja skipulagsbreyting þar sem landnotkun svæðisins hafi verið breytt úr iðnaðarsvæði í athafnasvæði vegna ákvörðunar um að flytja gámasvæðið í nágrenni við flugvöllinn. Deiliskipulag Hellislandi fyrir gámasvæði, tók gildi 1. júní 2010 og er í því m.a. gert ráð fyrir jarðgerðarstöð. Því þarf að breyta aðalskipulaginu til að deiliskipulagið verði aftur í samræmi við gildandi aðalskipulag.



Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Árborgar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða fyrirhugaða söfnun lífræns eldhúsúrgangs frá heimilum og fyrirtækjum á Suðurlandi og verður úrgangurinn jarðgerður á starfssvæði Íslenska gámafélagsins við Hrísmýri á Selfossi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.15 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi, úrgangsmyndun, mengun og ónæði sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig staðsetningu hennar svo sem landnotkun sem fyrir er eða sem er fyrirhuguð skv. skipulagsáætlun, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða allumfangsmikla jarðgerð sem verður í rúmlega 700 m fjarlægð frá núverandi íbúðarbyggð. Starfseminni mun fylgja einhver lyktarmengun en skv. áhættumati framkvæmdaraðila eru líkur á lyktarónæði ekki miklar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur bent á að dæmi séu um að lyktarónæðis hafi gætt í meira en 800 m fjarlægð frá sambærilegri vinnslu og vakið athygli á að fyrirhuguð uppbygging verslunar- og þjónustu i tengslum við tilfærslu Suðurlandsveggar og aðkoma að þéttbýlinu á Selfossi mun verða í innan við 300 m fjarlægð frá fyrirhuguðu jarðgerðarsvæði skv. skipulagi.

Skipulagsstofnun bendir á að með góðu verklagi og þeim mótvægisáðgerðum sem framkvæmdaraðili kynnir í greinargerð á að vera unnt að draga úr eða koma í veg fyrir óæskilega lykt frá fyrirhugaðri vinnslu í nálægðri byggð og jafnframt á fyrirhuguðu þjónustu- og verslunarsvæði. Mikilvægt er að sett verði skilyrði í starfsleyfi um vinnubrögð við jarðgerðina í samræmi við þær mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili setur fram í framlögðum gögnum. Moltunni verði aðeins snúið þegar vindur standi af byggð, lyktareyðandi ensímum verði úðað yfir múgana í stillu og þegar þeim er snúið auk þess sem að múgarnir verði vel huldur með timburkurli þegar ekki er unnið í þeim. Mikilvægt er að mati Skipulagsstofnunar að gildistími mögulegs starfsleyfis taki mið af skipulagsáætlunum sveitarfélagsins.

Til að lágmarka hættu á ónæði vegna hávaða þarf Íslenska gámafélagið að haga starfseminni í samræmi við viðmiðunarmörk um hávaða frá atvinnustarfsemi skv. reglugerð um hávaða.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar einkum með tilliti til umfangs umhverfisáhrifa með tilliti til þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum, líkum á áhrifum, tímalengd, tíðni og óafturkræfni áhrifa, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar kunna fyrst og fremst að felast í lyktarmengun á takmörkuðum tímabilum í núverandi og fyrirhugaðri byggð í nágrenninu. Í nágrenni jarðgerðarsvæðisins er ekki íbúðarbyggð en næsta íbúðarhús er í rúmlega 700 m fjarlægð. Lyktarónæði er því bundin við afmarkað svæði og lítinn fjöldi einstaklinga. Skipulagsstofnun telur, á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram hafa komið við meðferð málsins, að ástæða sé til að ætla að fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir Íslenska gámafélagsins muni draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif framleiðslunnar m.t.t. lyktarónæðis, en telur að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þurfi



að setja starfseminni skilyrði í starfsleyfi um þær mótvægisáðgerðir og aðrar áðgerðir sem eftirlitið kann að sjá ástæðu til að setja.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 26. ágúst 2019.

Reykjavík, 23. júlí 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson